

Fréttabréf

Hestamannafélagsins

Skugga - Janúar 2010



Þetta helst...

- > Kynningarfundur um reiðhöllina, 26. jan. n.k., kl. 20:00
- > Bingókvöld og pizzaveisla, 28. janúar n.k., kl. 19:00
- > Reiðnámskeið fyrir 11 ára og yngri, hefst 01. febr. n.k.
- > Nýjar umgengisreglur í hesthúshverfinu
- > Ný heimasíða Skugga, í umsjá Kristjáns Gíslasonar: www.hmfskuggi.is
- > Vetrarleikar Skugga og Faxe, hefjast 13. febrúar n.k.
- > Töluverðar framkvæmdir við reiðvegagerð á síðasta ári
- > Mikil sjálfboðavinna við byggingu reiðhóllarinnar
- > Endurbætur á götulýsingu í hesthúshverfi
- > Nýstofnuð kvennadeild innan Skugga. "Skuggadísir"
- > Dagskrá Skuggadísa – veturinn 2009–2010
- > Skemmtikvöld Skuggadísa, 04. febrúar n.k.

Frá formanni

Í upphafi nýs árs er ástæða til að óska hestamönnum öllum velfarnaðar á komandi ári og þakka fyrir liðið ár. Nú er enn á ný að hefjast ný vertíð hjá okkur hestamönnum, margir nýbúinir að taka inn, þó víst sé að einhverjir séu löngu búnir að því á meðan aðrir, eins og sá sem þessar línur ritar, bíða eftir að svartasta skammdeginu líni áður en til þess kemur. Tíðarfarar hafa reyndar verið einstaklega gott í vetur og því hefur það ekki verið mikið til ama fyrir þá sem hafa verið snemma í því að byrja að þjálfa og temja, nokkrir frábærir dagar verið til útreiða nú í janúar. Það er ósk undirritaðs að starfið hjá okkur í Skugga verði öflugt og gott á þessu ári og trú mín er sú að reiðhöllin okkar nýja verði m.a. til þess að efla okkur enn frekar til dáða. Nú þegar hillir undir fjölbreytt og áhugavert starf þar. Samvinna mun verða hjá okkur og Faxe-mönnum um mótahald, svokallaða Vetrarleika, sem vonandi mun gefa tóninn fyrir möguleikana

sem reiðhöllin býður uppá m.a. Einnig hafa æskulýðsnefndir félaganna rætt um aukna samvinnu og ýmislegt á döfinni á þeim vettvangi. Rétt er í þessu sambandi að upplýsa félagsmenn um að bæði í stjórn og í umræðu meðal félagsmanna í Skugga og Faxe hefur töluvert verið rætt, að undanförunu, um hvort rétt sé að kanna með kosti þess að félögin sameinist, þar sem reiðhöllin gefi tilefni til að menn skoði það af alvöru. Stjórn Skugga hefur fjallað um þessi mál og mun væntanlega leggja það í dóm félagsmanna á komandi aðalfundi, sem áformað er að halda fyrir lok febrúar n.k. Árið 2010 verður viðburðarríkt hjá okkur hestamönnum hér í Borgarfirði, þar sem fyrir utan mótahald okkar félaganna þá er framundan Landsmót hestamanna á Vindheimamelum, um mánaðarmótin júní-júlí. Síðan hefur verið ákveðið að Unglingalandsmót UMFÍ verði haldið í Borgarnesi, um verslunarmannahelgina og þar

kemur til okkar kasta, í Skugga og Faxe að sjá um framkvæmd á því mótahaldi sem snýr að hestamennsku á mótinu. Eins og fram kemur hér að framan þá líður að aðalfundi hjá okkur í Skugga, fyrir liðið starfsár. Ekki hefur á þessari stundu verið ákveðið með tímasetningu, en stefnt að því fyrir lok febrúar, eins og áður segir. Ég vil því nota þetta tækifæri til að hvetja félagsmenn til að hafa samband við stjórnarmenn, ef þeir hafa áhuga á að starfa í stjórn félagsins eða einhverjum tilteknum nefndum félagsins. Það er alveg ljóst að starfið í félaginu veltur mikið á því að félagsmenn séu virkir og vilji taka þátt í því, með setu í stjórn eða nefndum þess. Þetta er skemmtilegt starf sem krefst vissulega einhvers tíma og vinnu, en er mjög gefandi. Þá vil ég að lokum benda félagsmönnum á nýja heimasíðu hjá okkur, sem ætlað er að vera lifandi upplýsingaveita um starf okkur framundan. .../Stefán Logi

Kynningarfundur um reiðhöllina

Stjórn Seláss ehf. (rekstrarnefnd reiðhóllar) boðar til kynningarfundar um reiðhöllina Vindási, **þriðjudaginn 26. janúar nk.**, í reiðhöllinni, kl. 20:00.

Fundurinn er ætlaður félagsmönnum Faxe og Skugga. Þar ættar rekstrarnefndin að kynna þá möguleika sem höllin býður upp á og fá fram sjónarmið félagsmanna um notkun hússins og annað í sambandi við það. Einnig verða kynntir þeir viðburðir sem fyrir liggur að verði í höllinni í vetur.

Félagsmenn sem fá þennan póst (því miður eru ekki allir félagsmenn á póstlista okkar) eru vinsamlegast beðin um að láta spyrjast sem víðast hjá öðrum félögum, um þennan fund, þar sem æskilegt er að sem flestir félagsmenn mæti og kynni sér starfseminu og komi fram með sínar hugmyndir um starfseminu í höllinni okkar.

Vonumst til að sjá sem flesta. .../Stjórn Skugga

Heimasíða reiðhóllar:

Allar upplýsingar um starfsemi reiðhóllarinnar Vindási er að finna á heimasíðu reiðhóllarinnar, sem er: www.reidholl.is Þar gefur m.a. að lita umgengisreglur, gjaldskrána, korthafa mánaðarkorta, bókaða einkatíma og aðrar upplýsingar um starfseminu þar. Félagsmenn í Skugga eru hvattir til að kíkja reglulega inná síðuna og fylgjast þannig með starfseminni í reiðhöllinni okkar. .../Stjórn Skugga

Fréttir frá nefndum:

Barna- og unglínganefnd	2
Umhverfisnefnd – Umgengisreglur	2
Mótanefnd	2
Reiðveganefnd	3
Rafmagnsnefnd	3
Kvennadeild Skugga "Skuggadísir"	4

Frá Barna- og unglínganefnd:

Bingókvöld og pizzaveisla !

Æskulýðsnefnd býður upp á bingó og pizzur nk. fimmtudagskvöld, 28.janúar, kl. 19:00, í Félagsh. Vindási. Öll börn, unglíngar og ungmenni velkomin en nokkur verðlaun verða í boði. Mætum öll og eigum ánægjulega stund saman í upphafi „hesthúsvetrar“.

Æskulýðsmál - dagskrá

Æskulýðsnefnd Skugga hefur sett upp áætlun um viðburði í vetur - verða þeir kynntir betur er nær þeim dregur.

20.janúar: Verklegur þáttur Knapamerkis 1 hefst.

28.janúar: Bingó og pizzakvöld fyrir börn, unglíngar og ungmenni í Félagsheimilinu kl. 19:00.

1.febrúar: Námskeið fyrir 11 ára og yngri hefjast í Reiðhöllinni. Kennari er Birna Tryggvadóttir.

27.febrúar: Útreiðatúr fyrir unglíngar og ungmenni kl. 14:00

18.mars: Fræðslukvöld, auglýst nánar þegar nær dregur.

21.mars: Fjölskyldureiðtúr kl. 14:00.

5.apríl (annar í páskum): Páskaratleikur fyrir börn, unglíngar og ungmenni.

24.apríl: Fyrirhuguð æskulýðssýning í samvinnu með Faxa.

Mai: Fjölskyldureiðtúr. Nánar auglýstur síðar.

Mai: Óvissuferð og/eða sameiginlegur reiðtúr með Faxakrókkum. Nánar auglýst síðar.

Reiðnámskeið fyrir 11 ára og yngri

Æskulýðsnefnd hefur skipulagt reiðnámskeið, ef næg þátttaka fæst, fyrir aldurshópin 11 ára og yngri. Kennari verður Birna Tryggvadóttir og mun námskeiðið hefjast 1.febrúar, n.k., kl. 18:00 – 18:45, í reiðhöllinni Vindási.

Til að byrja með fá krakkarnir tíma á hálfsmánaðar fresti en ef áhuginn er mikill verður þeim fjölgað í að vera vikulegir og nær tímabilið fram á vor. Hámark nemenda er 6 í hverjum hópi.

Kostnaðurinn er ekki kominn á hreint en reynt verður að miða við önnur gjöld vegna íþrótt- eða æskulýðsstarfs á öðrum vettvangi.

Mikilvægt er að hestakosturinn sé við hæfi.

Skráning þarf að berast fyrir 28.janúar hjá Rúnu á netfangið snilldin@simnet.is eða í s: 898-7086.



Umgengisreglur í hesthúsahverfinu

Lengi hefur umgengni okkar í hesthúsahverfinu verið til umræðu á fundum okkar og jafnvel ásteytingarsteinn. Ein ástæða þess er að við höfum ekki haft formlegar reglur til að styjast við í þessu sambandi. Nú hefur verið samin tillaga að reglum um umgengni í hesthúsahverfinu. Tillaga þessi hefur verið afgreidd og samþykkt í stjórn og umhverfisnefnd félagsins og í framhaldi af því send sveisitarstjórn Borgarbyggða til staðfestingar. Reglur þessar hafa verið settar inn á nýja heimasíðu félagsins "hmfskuggi.is" til kynningar. Þó að þessar reglur hafi ekki hlotið endanlega afgreiðslu eru félagsmenn og aðrir þeir sem leið eiga í hesthúsahverfið beðnir að tileikna sér þær og taka mið af þeim í umgengni sinni um hverfið. .../Stjórn Skugga

Ný heimasíða: www.hmfskuggi.is

Sett hefur verið upp ný heimasíða fyrir hmf. Skugga, þar sem sú gamla hefur verið til vandræða og erfitt reynt að uppfæra, umgangast og aðlaga hana eins og gera verður kröfur til. Gamla síðan hefur því verið óvirk nú um nokkurt tíma hefur og nú verið ákveðið að loka henni. Kristján Gíslason, félagi okkar, hefur góðfúslega tekið að sér að setja nýja heimasíðu upp og sjá um uppfærslu hennar næstu misserin. Eru honum færðar bestu þakkir fyrir framtakið og frábæra byrjun, en hann hófst handa um áramótin og nú þegar búinn að setja inn á síðuna mikið af fréttum, myndum og öðrum upplýsingum, svo við blasir lífleg og gagnvirk heimasíða, sem einnig er einföld í notkun og uppfærslu. Slóðin á nýju heimasíðuna er: <http://www.hmfskuggi.is>

Félagsmenn eru hvattir til að kíkja strax inná heimasíðuna og fylgjast síðan reglulega með henni, þar sem þarna er frábær vettvangur fyrir stjórn og nefndir til að koma á framfæri upplýsingum og auglýsingum til félagsmanna á lífandi og gagnvirkan hátt. Eins eru félagsmenn hvattir til að senda á stjórnina og Kristján (netfangið: kristjais@simnet.is) póst um viðburði eða annað sem menn vilja að komi fram á heimasíðunni, eins væri vel þegið ef félagsmenn hafa tillögur um eitthvað sem betur mætti fara við heimasíðuna svo og önnur atriði sem skipta máli fyrir okkur. .../Stjórn Skugga

Frá Mótanefnd:

Vetrarleikar Skugga og Faxe

Mótanefndir félaganna Skugga og Faxe hafa komið sér saman um að halda fjögur opin mót (Vetrarleika) í reiðhöllinni í Borgarnesi. Fyrirhuguð er að þetta verði liðakeppni og stigamót, þar sem samanlagður árangur úr þremur mótum af fjórum verði lagður til grundvallar í samanlagðri stigakeppni milli liða.

Fenginn hefur verið styrktaraðili mótsins sem er KB Búrekstrardeild. Mótin eru fyrirhuguð á þessum tímum:

Laugardaginn 13. febrúar 2010 - Tölmót
Laugardaginn 13. mars 2010 - Fjörgangur
Laugardaginn 27. mars 2010 - Gæðingakeppni
Laugardaginn 10. apríl 2010 - Tölt og fimmgangur

Nánari upplýsingar um mótin verður kynnt á heimasíðu okkar og með auglýsingum, þegar nær dregur. Eru félagar í Skugga hvattir til að fara að þjálfra og koma saman liðum í þessa skemmtilega leika.

Kynbótasýningar 2010

Fagræð í hrossarækt hefur ákveðið tímasetningar kynbótasýninga, árið 2010. Alls verða sýningar 19 talsins og verða sýningar hér í Borgarfirði **07.06.-11.06. og 03.08.-06.08.** Uppl. í síma 437-1215

Önnur mót hjá Skugga

- Mótanefnd Skugga hefur ákveðið að stefna að **firmakeppni félagsins, laugardaginn 24. apríl 2010** á Vindás-velli. Þar eiga allir hestfærir félagar að sjálfsögðu að taka þátt, þar sem ánægjan og léttleikinn verður í fyrirrúmi.

- Mótanefndin hefur einnig ákveðið að halda **Íþróttamót, laugardaginn 08. maí 2010** á Vindás-velli.

- Þá hefur Mótanefndin ákveðið að **laugardaginn 22. maí 2010** fari fram **Gæðingamót og úrtaka** fyrir Landsmót hestamanna, sem eins og kunnugt er fer fram á Vindheimamelum, dagana 28. júní—04. júlí n.k.

Mótanefndin hefur einnig hug á að blása til Ísmóts í vetur, t.d. á Álatjörn, sem að sjálfsögðu er háð veðri og aðstæðum og því boðað með stuttum fyrirvara. .../Mótanefnd Skugga

Orðsending frá stjórn:

Félagar eru hvattir til að senda upplýsingar um ný- eða breytt heimilis- eða netföng hjá sér á: stefan@bmvalla.is eða arnarmg@simnet.is

**Frá Reiðveganefnd:****Reiðvegir.**

Nefndin beitti sér fyrir tveimur framkvæmdum á liðnu ári.

Annars vegar var lagfæring reiðgötu yfir ræsi hjá Skjólbrekkku, með það að markmiði að koma í veg fyrir að riðið sé eftir þjóðveginum frá heimreiðinni að Skjólbrekkku að Stangarholtsveginum. Þeirri framkvæmd er lokið. Einnig var ákveðið að bera ofan í gamla leið neðan tvískiptrar hæðar á Stangarholtsveginum, en því verki er ekki lokið.

Til þessa verks fékkst sérstök 1.000.000 kr. fjárveiting frá Vegagerðinni, á þeirri forsendu að með því er verið að auka umferðaröryggi á þjóðveginum. Feðgarnir á Skjólbrekkku lögðu þessu verkefni lið með því að keyra ofanburðinn út gegn nokkurri greiðslu, upp í útlagðan kostnað.

Hin framkvæmdin er nýr reiðvegur upp í land Holts, sem vonir standa til að verði hluti reiðleiðarinnar upp á Gufarveg. Hálfán á Háhóli vann það verk fyrir okkur, í lok síðasta árs.

Þá var á árinu sett upp girðing með reiðveginum upp að Hamarshúsum.

Til þessara verka fóru um 850.000 kr., en það var sú upphæð sem félagið fékk úthlutað af reiðvegafé ársins.

Það stóð mjög tæpt að það tækist að ná þessari upphæð, en þar sem búið var að semja um verkið í september og leggja fram gögng þar um, fékk hún greidd í árslok, ella hefði fjárveitingin verið felld niður. /MV

Reiðhöllin Vindási:

Haldinn var aðalfundur Reiðhallarinnar Vindási ehf., þann 28. október 2009. Þar kom fram að á árinu 2008 voru eignfærðar framkvæmdir við höllina um 70 milljónir, þá var áætlað að framkvæmdir á árinu 2009 væru komnar í um 25 milljónir. Bókfærð fjárfesting við reiðhöllina er þá nú áætluð um 125 milljónir. Þá er ótalin kosnaður við að ganga frá hesthúsinu, loftræstikerfi, hitakerfi í reiðhöllina, ásamt öðrum smáfrágangi. Inní þessum tölum ekki færð öll sú sjálfböðavinna sem farið hefur fram á vegum félaga í Skugga og Faxe, sem samkvæmt lauslegri samantekt er metin á um 2,5 milljónir króna og er þá reiknað með mjög lágu tímagjaldi á vinnu og vélavinnu. Það er alveg ljóst að félagsmenn hafa unnið frábært starf í sjálfböðavinnu við uppbyggingu reiðhallarinnar og frágang, sem þakka ber af heilum hug. Samkvæmt samantekt sem byggð er á skráningum tíma, í dagbók sem var á staðnum, þá hafa Skugga-félagar skilað um 1.000 vinnutímum og 72 tímum í vélavinnu. Matið á þessari vinnu er um 1,8 millj.króna. Það hefur ekki verið auðvelt að klára fjármögnun á þessum framkvæmdum og var leitað til eignaraðila um aukið hlutafé á síðasta ári. Við hjá Skugga erum nú búin að leggja fram um 1,0 milljón í peningum vegna þessa. Á aðalfundinum var skipt um stjórn í félaginu, þar sem allir þrír stjórnarmennirnir (Kristján G, Ásbjörn S og Ómar P) báðust undan endurkjöri, enda ákveðnum áfanga náð við framkvæmdina og geta þeir stoltir afhent keflið til nýrra aðila. Ný stjórn var kosin: Ragnar Frank Kristjánsson, form., frá Faxe, Bjarni Johansen, frá Skugga og Eiríkur Ólafsson, frá Borgarbyggð. Til vara voru kjörnir: Marteinn Valdimarsson, frá Skugga og Sigurbjörn Garðarsson, frá Faxe. Er nýrri stjórn óskað velgengni í sínum störfum, sem snúa munu fyrst og fremst að því að tryggja fjármögnun og frágang á því sem eftir er af framkvæmdinni og koma lausaskuldum, sem einhverjar eru ennþá, í skil. Við þetta tækifæri er því rétt að koma á framfæri bestu þökkum til fráfarandi stjórnar félagsins, fyrir þeirra störf sem ynnst hafa verið af hendi af mikilli fórnfýsi og árangurinn glæsilegur, eins og sést best á mannvirkinu sjálfu. Segja má að langbráður draumur okkar sé þarna orðinn að veruleika. Fyrir hönd Skugga vil ég færa Kristjáni Gíslasyni sérstakar þakkir fyrir hans framlag í nafni félagsins, en að öðrum ölostuðum er óhætt að segja að hann hafi staðið í fararbroddi við framkvæmdina alla og sjálfböðastarf hans ómetanlegt fyrir félagið og reiðhöllina sjálfa. Ég ítreka ennfremur þakkir til annarra félagsmanna Skugga, sem lögðu fram vinnu og tæki, við framkvæmdina. Starfsmönnum við framkvæmdina ber einnig að færa góðar þakkir fyrir þeirra störf, þar nefni ég sérstaklega féлага okkar Gaua Gulla og Grettir.

Enn er eftir að vígja mannvirkið á formlegan hátt og með pomp og prakt. Áformað hefur því verið að blása til vígsluathafnar sunnudaginn 07. mars n.k. og verður það betur auglýst þegar nær dregur. Upplýsingar um vígsluna verður hægt að nálgast á heimasíðum Skugga og reiðhallarinnar, þegar gengið hefur verið frá öllum lausum endum.

.../SLH

Frá Rafmagnsnefnd:

Samkvæmt venju hefur rafmagnsnefndin, nú í upphafi árs, sent út rafmagnsreikninga fyrir notkun seinni hluta síðasta árs. Í þetta sinn er um áætlun að ræða og miða við notkun undanfarið. Álestur mun síðan fara fram í vor. Hesthúseigendur eru hvattir til að gera skil hið fyrsta.

Eitthvað hefur verið um almennt viðhald sem nefndin hefur annast, en þó má segja að það hafi verið með minnsta móti á síðasta ári.

Nefndin hefur nú í vetur staðið í framkvæmdum í hesthúshverfinu, þar sem götulýsing hefur verið sett upp í efra hverfinu (Selás) og er því verki að ljúka nú á næstu dögum. Einnig hefur verið komið fyrir lýsingu á reiðstígum á milli hverfa. Framkvæmd þessi er kostuð af félaginu, í bili, en verður síðan endurgreidd af sveitarfélaginu, þar sem þetta er hluti af gatnakerfinu og sér sveitarfélagið um rekstur lýsingarinnar. Verkið hefur verið í gangi um allnokkurn tíma, sem skýrist að mestu af því að vinnan við upsetninguna hefur að hluta til verið í sjálfböðavinnu til að spara útgjöld nefndarinnar. Kostnaður við staura og vélavinnu hefur þó verið greitt fyrir, en hart sótt í afslætti á öllum sviðum. Það er alveg ljóst að þessi aukna lýsing verður kærkomin fyrir hestamenn í hverfinu og mun auðvelda útreiðar og umferð í hverfinu nú í svartasta skammdeginu. .../RKJ

SkuggadísirKvennadeild
Skugga**Stjórn kvennadeildar skipa:**Guðrún Ásta Völundardóttir
guðrunasta@simnet.isSigurbjörg Sigmundsdóttir
siggasimba@simnet.isKristín Jónsdóttir
kristin.jonsdottir@sjova.isAuður Ásta Þorsteinsdóttir
dila@simnet.isSigrún Kristín Halldórsdóttir
snilldin@simnet.is

Kvennadeild Skugga var stofnuð núna á s.l. hausti. Stofnfundur var haldinn í október 2009 og var áhuginn fyrir stofnun deildarinnar mjög mikill og mæting góð. Þessi deild er hugsuð til að efla okkur konur í hestamenskunni og mynda skemmtilegan félagskap. Á stofnfundinum var ákveðið nafn á deildina og nefnist hún **Skuggadísir**. Nú þegar hafa 48 konur skráð sig í deildina.

Starfið hófst svo í vetur með aðventukvöldi í desember, þar sem var mjög góð mæting og konur ánægðar með kvöldið. Þar kynnti stjórn deildarinnar formlega dagskrá vetrarins, sem sjá má hér á síðunni.

Næst á döfinni hjá Skuggadísir er skemmtikvöld sem verður haldið 4. febrúar nk. (sjá augl. hér á síðunni). Konur geta enn skráð sig í deildina með því að hafa samband við okkur í stjórninni. Konur þurfa að vera orðnar 16 ára og vera félagsmenn í Hestamannafélagi Skugga.

f.h. Kvennadeildar Skugga
Guðrún Ásta Völundardóttir

Ný heimasíða Skugga:

www.hmfskuggi.is

Senda fréttir á:

kristgis@simnet.is

**Ábyrgðarmadur fréttabréfs:
Stefán Logi Haraldsson**
**Dagskrá Skuggadísa - Veturinn '09-'10****Aðventukvöld**Fimmtudagur 03. desember '09
Félagsheimili Skugga kl. 20:00**Skemmtikvöld**Fimmtudagur 04. febrúar '10
Félagsheimili Skugga kl. 19:00**Reiðnámskeið – byrjendur**

Fyrirlugað í feb-mars '10

Reiðnámskeið – almennt

Fyrirlugað í feb-mars '10

FræðslukvöldFimmtudagur 11. mars '10
Félagsheimili Skugga kl. 20:00**Sameiginlegir reiðtúrur:****-Kaffi á eftir í félagsheimilinu-**

Sunnudagur 14. febrúar kl. 14:00

Sunnudagur 14. mars kl. 14:00

Fimmtudagur 15. apríl kl. 19:00

Fimmtudagur 29. apríl kl. 19:00 Þemareid

Fimmtudagur 06. maí kl. 19:00

Fimmtudagur 20. maí kl. 19:00

Föstudagur 04. júní Miðnæturreið

**Skemmtikvöld
Skuggadísa**

Jæja þá er komið að því stelpur

Fimmtudagskvöldið **4. febrúar** nk ætlum við Skuggadísir að halda skemmtikvöldið okkar í félagsheimilinu **kl 19:00**.
(athugið að dagsetning er breytt miðað við dag skrána sem var kynnt í desember)

Boðið verður upp á súpu, brauð og léttu skemmtun.
Verð á miðanum er 1800.-

Hægt er að greiða fyrir miðann inn á reikning kvennadeildarinnar
Reikningsupplýsingar: 0326-13-111688 kt: 481079-0399
Hestamannafélagið Skuggi / Skuggadísir.
Einnig verður hægt að greiða miðann við innganginn.

Hægt er að skrá sig með því að senda póst á guðrunasta@simnet.is eða skrá sig hjá okkur stúlkunum í stjórn deildarinnar.
Síðasti dagur skráningar er 25. janúar nk.

Byrjum nú starfið okkar með stæl og hittumst eldhressar 4. febrúar, ekki viljið þið missa af óvæntu skemmtiatriði ??

Hlökkum til að sjá ykkur.

Stjórn kvennadeildar Skugga

Auður Ásta Skuggadís
Guðrún Ásta Skuggadís
Kristín Skuggadís
Sigga Skuggadís
Rúna Skuggadís

Staður: Félagsheimili Skugga
Stund: Fimmtudagur 4. febrúar kl 19:00
Skráning: guðrunasta@simnet.is
Verð: 1.800.- kr

